

Umhverfisnefnd  
Alþingi  
150-Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 131/869  
komudagur 25. 2. 2005

Fimmtudagur, 24. febrúar 2005

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 495 mál, rjúpnaveiðar, sölubann og takmörkun veiða.


Frumvarpið mun bæta úr vanköntum sem eru á núverandi lögum um vernd, friðun og veiðar nr. 64/1994 auk þess sem það mun gefa umhverfisráðherra fleiri leiðir til stjórnunar veiða.


1 gr. Hér er um þarfar úrbætur að ræða. Ég hef kennt á námskeiðum Umhverfisstofnunar fyrir verðandi veiðimenn og fæ iðulega þá spurningu, þegar ég kynni núverandi bann á vélsleða og fjórhjól, hvernig sé með sexhjól og torfæru mótorhjól. Vonandi eyðir þessi tillaga sem sett er fram í 1. gr. þessari óvissu.

2. gr. Eins og rætt hefur verið í sambandi við rjúpnaveiðar þá getur verið gott að takmarka veiðitíma öðruvísi en að taka daga framan eða aftan af. Ég hefði reyndar talið að ráðherra væri heimilt að gera þetta en þessi grein hnykkir á þeirri heimild.

3. gr. Ég tel rétt að hægt sé að banna sölu á villibráð úr stofnum sem talið er að nauðsynlegt sé að takmarka frekar veiðar á og nota þannig sem stjórnþæki og fagna því þessari breytingu. Þó er spurning hvort orðalagið ætti ekki að vera í samræmi við t.d. bann við eggjasölu í 20 gr. laga nr. 64/1994 en þar segir „*Andaregg og heiðagæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.*“ Hér er sett bann við að gefa eggin einnig. Skemmst er að minnast þess þegar sagt var að ferðapjónustuaðili sem ekki mátti selja hvítvín með skelfiski um borð í báti sínum seldi ferðamönnum glösin dýru verði en gaf hvítvínið. Hvort einhverju veitingahúsanna detti hug að selja brúnaðar kartöflur og rifsberjasultu og gefa rjúpu með veit ég ekki en vona að svo verði ekki. Bann við gjöfum myndi loka á slíkt.

Virðingarfyllst

  
Arnór Þórir Sigfússon  
Fuglafræðingur.



Alþingi  
Erindi nr. P 131/818

komudagur 21.2.2005

Umhverfisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. febrúar 2005  
Sp/hó

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 495. mál**

Tilv: 2005020023

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis dags. 15. febrúar sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.


Í fyrri umsögnum um þingmál varðandi vernd rjúpnastofnsins hafa Bændasamtök Íslands ávallt tekið undir nauðsyn þess að takmarka sóknina og stýra henni, ekki síst með því að setja og/eða herða reglur, sem takmarka aðgang að bráðinni og herða eftirlit með að slíkar reglur séu haldnar. Hér er m.a. átt við reglur um skotvopn, notkun vélknúinna farartækja við veiðar, hugsanlega friðun ákveðinna svæða s.s. á hálendinu og styttingu veiðitíma.

Stjórn Bændasamtaka Íslands telur breytingar skv. 1. og 2. grein frumvarpsins jákvæðar, en veltir því upp, hvort í 1. grein ætti ekki að standa “önnur vélknúin ökutæki” í stað “önnur torfærutæki”.

Bændasamtökin ítreka hins vegar fyrri mótmæli gegn banni við sölu á rjúpum og telja ekki rétt að lögleiða heimild til þess. Annars vegar er það dregið í efa, að sölubann virki og hins vegar lagst gegn því, að verndaraðgerðum sé sérstaklega beint að landeigendum/bændum, sem hafa nýttar af rjúpaveiðum. Það er engan veginn sjálfsagt eða eðlilegt, að “sportveiðar” eigi að vera rétt hærrí en hlunnindanyttjar bænda.

Búnaðarþing kemur saman 6. mars og verður þetta frumvarp lagt fyrir þingið til umfjöllunar. Umsögnin nú er send vegna þess hve stuttur umsagnarfrestur er gefinn, en þess er jafnframt óskað, að búnaðarþingi gefist kostur á að veita álit sitt áður en löggin verða afgreidd.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurgeir Þorgeirsson

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1074  
komudagur 14.3.2005



Umhverfisnefnd  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 11. mars 2005

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum**

*Tilv: 2005020023*

Búnaðarþing 2005 hefur fengið til umsagnar “Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum.” Lagt fyrir Alþingi á 131 löggjafarþingi 2004 – 2005.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins leggur Búnaðarþing eftirfarandi til.

1. gr. Að þar bætist við að óheimilt verði að nota hunda við fuglaveiðar.
2. gr. Að í stað þess að takmarka veiðar við ákveðna daga og ákveðinn tíma sólarhrings á veiðitímabilinu, þá verði heimilt á einstökum svæðum í samráði við landeigendur, að stytta heildar veiðitímann ef ástæða þykir til að takmarka veiðar.
3. gr. Að þessari grein, um “bann við sölu á veiðifangi” verði algjörlega hafnað.

Þá leggur Búnaðarþing til að inn í lög 64/1994 komi ákvæði sem kveða á um skipulag skotveiða á lögbýlum og stofnun veiðifélaga landeigendur um nýtingu skotveiðihlunninda. Þar verði stuðst við lög um lax- og silungsveiði sem fyrirmynd að skipulagi skotveiðihlunninda á lögbýlum.

Jafnframt beinir Búnaðarþing 2005 því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að beita sér fyrir því að hið fyrst verði stofnuð félög landeigenda um nýtingu skotveiðihlunninda á lögbýlum, bæði svæðisbundin félög og á landsvísu ef ástæða sýnist til.

*Greinargerð:*

Veiðar á rjúpu og fleiri fuglum eru forn og hefðbundin hlunnindi jarða og hafa í gegn um tíðina verið drjúg tekjulind margra bænda.


Ásókn sportveiðimanna í veiðar á fuglum hefur farið stöðugt vaxandi, en það getur gefið bændum og öðrum landeigendum aukna möguleika til tekjuöflunar af hlunnindum þessum ef vel tekst til með skipulag og eðlilega nýtingu. Með aukinni ásókn í fuglaveiðar hefur það jafnframt komið fram að ýmsir þeir sem sportveiðar stunda sætta sig illa við umráðarétt bænda yfir þessum hlunnindum. Þetta hefur stundum leitt af sér árekstra og kærur.

Ljóst er að hugmyndir þær sem fram koma í ofangreindu frumvarpi eru mörgum bændum lítt þóknanlegar. Sumar þeirra eru í raun óframkvæmanlegar, eins og t.d. sölubann á rjúpu. En margir bændur/landeigendur kjósa að veiða sjálfir á lendum sínum og selja afurðirnar. Þeim finnst því fráleitt að banna sölu á rjúpu, það kalli einungis á sk. svartan markað.

Nauðsynlegt er að forðast að tekið verði upp skipulag og reglur sem bjóða upp á sífelldar deilur og árekstra, því er nauðsynleg að til komi skipulegar og samræmdar aðgerðir.

Ein leið til þess að leysa málið er að bændur sjálfir myndi samtök, t.d. eftir fyrirmynd úr lögum um lax- og silungsveiði. Fyrsta verk slíkra samtaka ætti að vera að móta reglur um fyrirkomulag rjúpaveiða og veiðar á öðrum fuglum, ásamt því að koma slíkum reglum í framkvæmd í samvinnu við stjórnvöld. Væntanleg samtök hefðu jafnframt það hlutverk að vinna hugmyndum sínum brautargengi hjá stjórnvöldum. Útilokað er að mál þetta komist í farsælan farveg nema að bændur sjálfir komi að og móti framtíðarfyrirkomulag og séu þokkalega sáttir við þann farveg sem málið verður sett í.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson

Alþingi - Umhverfisnefnd  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir,  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/951*  
*komudagur 3.3.2005*

Reykjavík, 2. mars 2005  
Tilvísun: UST20050200094/kk

**Umsögn um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 495 mál, rjúpnaveiðar, sölubann og takmörkun veiða.**

Dýraverndarráð hefur kynnt sér efni frumvarps þessa. Hér er um að ræða að herða á banni við notkun vélknúinna ökutækja við veiðar sem ráðið tekur undir að sé gert. Einnig er hér verið að bæta við mögulegar leiðir Umhverfissráðherra til að takmarka veiðar á villtum dýrastofnum, teljist þess þörf. Annars vegar er það gert með beitingu tímatakmarkana og hins vegar með takmörkun á sölu á afurðum viðkomandi stofns.

Dýraverndarráð tekur undir þessar tillögur og hvetur til að þær verði samþykktar.

Virðingarfyllt  
Arnór Þ. Sigfússon

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1166  
komudagur 5.4.2004

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang [eything@eything.is](mailto:eything@eything.is)


Akureyri 4. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 495. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson  
framkv.stjóri

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/905  
komudagur 28.2.2005



Fuglavernd Pósthólf 5069 • 125 Reykjavík • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

### Athugasemdir vegna breytinga á „villidýralögum“.

Stjórn Fuglaverndar gerir þrjár athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

**Í fyrsta lagi** að ekki sé í lögunum heimild fyrir ráðherra að setja á kvóta á fuglaveiði. Slíkt ákvæði væri öflugt vopn fyrir ráðherra að hafa.

**Í öðru lagi** þar sem segir í 2. gr.

Við 2. mgr. 17. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Enn fremur er ráðherra heimilt að takmarka veiðar við ákveðna daga innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. og ákveðinn tíma sólarhrings, *enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan áðurnefndra tímamarka.* (Skáletur Fuglaverndar). Þessar forsendur þ.e. „enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan áðurnefndra tímamarka“ rýra mjög gildi þessa ákvæðis.

**Í þriðja lagi** segir í 3. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, er orðast svo ásamt fyrisögn:  
*Bann við sölu á veiðifangi.*

Umhverfisráðherra er heimilt með reglugerð, þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt í samræmi við ákvæði 17. gr., að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra, *enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils*(skáletur Fuglaverndar).

Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja fugla og afurðir fugla sem ráðherra hefur bannað sölu á skv. 1. mgr. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi.

Þessar forsendur þ.e. „enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils“ rýra mjög gildi þessara heimilda. Reyndar er þetta rökleysa þar sem enginn stofn þolir ótakmarkaða veiði.

Stokkseyri 28. febrúar 2005  
Jóhann Óli Hilmarsson, formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 131/881  
komudagur 28.2.2005

Umhverfisnefnd Alþingis  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir  
nefndarritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. febrúar 2005  
2005020018/  
42-4  
SB/ph


**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.**

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 15. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Breytingin felst fyrst og fremst í heimild til ráðherra til að takmarka veiðar við tiltekna daga og tíma dags á veiðitíma (2. gr.) og til að banna sölu á tilteknum fuglum og afurðum þeirra (3. gr.).

Náttúrufræðistofnun Íslands styður framkomið frumvarp og telur það styrkja möguleika ráðherra til að stýra veiði á villtum dýrum og tryggja sjálfbærni þeirra. Náttúrufræðistofnun Íslands telur þó ekki þörf á og andstætt varúðarreglunni að takmarka þessar heimildir ráðherra með orðalaginu „enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan áðurnefndra tímamarka“ í 2. gr. og „enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils“ í 3. gr. Stofnunin leggur til að þessi texti verði felldur út úr frumvarpinu en til vara að í stað „enda sé talin...“ komi „enda sé það mat Náttúrufræðistofnunar...“ þannig að ekki risi deilur um hver sé réttmætur aðili til að meta ástand og veiðiþol stofna.

Náttúrufræðistofnun hefur áður (bréf til umhverfisnefndar dags. 4. febrúar 2003) lýst þeirri skoðun að sölubann þurfi að ná til innfluttra dýra sömu tegundar enda sé, svo dæmi sé nefnt, erfiðleikum háð að þekkja í sundur íslenskar og grænlenkar rjúpur og því möguleiki að smygla íslenskum rjúpum inn á markað á þeim forsendum. Náttúrufræðistofnun getur þó til reynslu fallist á það fyrirkomulag sem lýst er í frumvarpinu. Tryggja þarf að reglum um upprunavottorð og þökkun á innfluttri villibráð sé framfylgt. Í því sambandi hvetur Náttúrufræðistofnun til þess að reglugerð um sölu, innflutning og útflutning villtra dýra sem kveðið er á um í 7. gr. núgildandi laga verði sett sem fyrst og áður en rjúpnaveiði hefst á nýjan leik.

Virðingarfyllst




Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri





Alþingi  
Erindi nr. P 131/1093  
komudagur 17.3.2005



SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 14. mars 2005

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 495. mál.**


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 11. mars s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 15. febrúar 2005, þar sem óskað var umsögn um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 495. mál, rjúpnaveiðar, sölubann og takmörkun veiða.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Guðjón Guðmundsson framkv.stj.


Alþingi  
Erindi nr. P 131/880  
komudagur 28.2.2005

**Egilsstöðum**  
**24.02.2005**  
**b/t Umhverfisnefnd Alþingis**

Samkvæmt bréfi dagsett 15 febrúar 2005 hefur stjórn Skotfélags Austurlands fjallað um “Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.64/1994, um vernd, friðun og veiðar á viltum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum” lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004-2005.

Stjórn Skotfélags Austurlands sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið, en leggur ríka áherslu á að íþyngjandi ákvæði 2.gr og 3.gr frumvarpsins skuli koma fram með góðum fyrirvara áður en veiðitími hefst.

Fyrir hönd Skotfélags Austurlands



Þórhallur Borgarsson  
formaður

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/878*  
*komudagur 25.2.2005*

Umhverfisnefnd Alþingis  
25.2.2005

Umsögn Skotveiðifélags Íslands um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum 495. mál, rjúpnaveiðar; sölubann og takmörkun veiða.

Skotveiðifélag Íslands fagnar þessu frumvarpi og telur það til mikilla bóta. Félagið skorar á þingmenn að samþykkja það óbreytt.

Greinargerð:

Skotveiðifélag Íslands hefur ekki séð neinar vísbindingar þess efnis að skotveiðar hamli vexti og viðgangi íslenska rjúpnastofnsins. Félagið hafnar því hins vegar ekki að svo geti verið. SKOTVÍS telur hins vegar nauðsynlegt að breyta veiðihegðun íslenskra veiðimanna á þann hátt að dregið verði úr, eða komið alfarið veg fyrir magnveiðar á rjúpu. Það verður best gert með því að banna sölu á rjúpu á frjálsum markaði.

Afar góð reynsla er af sölubanni á villibráð við erlendis. Nefna má Bretland og Bandaríkin í því sambandi. Hafa ber þó í huga að nokkurn tíma tekur að sjá árangur af slíku sölubanni. Skv. reynslu Skota má búast við að það taki um þrjú ár. Skotveiðifélag Íslands telur varhugavert að grípa til fleiri en einnar gerðar friðunar t.d. sölubann og stytting veiðitíma. Ef gripið er til fleiri en einnar verndaraðgerðar er ekki hægt að sjá hvaða aðgerð skilar árangri. Heppilegast er að byrja á einni aðgerð, t.d.

sölubanni og bæta svo annarri verndaraðgerð við síðar, ef þurfa þykir.

Skotveiðifélag Íslands leggur ríka áherslu á að núverandi veiðitími, sem sátt er um, haldist eða frá 15. október - 22. desember. Þó er vert að hafa í huga að þar sem líkur eru á að sölubann á rjúpu á frjálsum markaði muni varla ná tilætluðum árangri næsta haust, kæmi til greina að stytta veiðitímann, t.d. með því að banna rjúpnaveiðar á sunnudögum. Kannanir sýna að það eru frítími og veður sem helst hafa áhrif á það hvenær menn halda til veiða.

Sigmar B. Hauksson  
Formaður Skotveiðifélags Íslands

Alþingi  
Erindi nr. P 131/879  
komudagur 28.2.2005

Ingibjörg Halldórsdóttir  
14. febrúar 2005

### **Punktur um viðurlög við brotum gegn sölubanni.**

Heilbrigðiseftirlit hefur eftirlit með sölu matvæla, þ. á m. villibráðar, og því er líklegt að þeir aðilar myndu helst verða varir við ef ákvæði um sölubann væru brotin og gera lögreglu viðvart. Almenn séð er það þó í höndum lögreglu að bregðast við brotum gegn sölubanni, annað hvort að eigin frumkvæði eða eftir ábendingum annarra.

Brot gegn lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis, sbr. 21. gr. laganna. Ríkissaksóknari hefur gefið út leiðbeiningar um sektarfjárhæðir vegna ýmissa brota, þ. á m. brota gegn fyrrnefndum lögum. Leiðbeiningarnar er að finna á slóðinni:

[http://www.saksoknari.is/media/frettir//Leidbeiningar\\_um\\_sektarfjarhadir.doc](http://www.saksoknari.is/media/frettir//Leidbeiningar_um_sektarfjarhadir.doc) og varða brot gegn lögum sektum að fjárhæð kr 5.000-100.000 þegar um fyrsta brot er að ræða. Þessum brotum er venjulega lokið með lögreglustjórásátt og koma því ekki til kasta dómstóla nema um ítrekuð brot sé að ræða. Líklegt verður að teljast að sektir vegna brots á sölubanni verði svipaðar. Auk sektar getur brot gegn sölubanni hugsanlega varðað sviptingu veiðileyfis og upptöku veiðibráðar og ágóða af sölu, þ.e. ef það er veiðimaðurinn sjálfur sem brýtur bannið. Brjóti verslun eða veitingastaður gegn sölubanni verður að sannast sök á einhvern innan fyrirtækisins ef beita á refsingum vegna þess, þar sem ekki er í lögum heimild til að leggja sektir á lögaðila.